

## **Tillaga til 442. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 10. október 2019**

### **Tillaga bæjarfulltrúa Í-listans um stefnumótun í fjármálum - 2019100028**

Tillaga til bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar Í-listinn leggur til að farið verði í umbótaverkefni sem hefur það að markmiði að kafa ofan í rekstur Ísafjarðarbæjar og horfa til framtíðar til gera bæinn betur í stakk búinn til að takast á við þær fjárhagslegar áskoranir sem framundan eru. Hugsunin með slíku verkefni væri að bærinn setti sér langtímamarkmið í fjármálum til að takast á við reksturinn, fjárfestingar og B hluta starfsemina.

Mikilvægt er að starfsmenn jafnt kjörnir fulltrúar komi að slíku verkefni til að tryggja að sem bestur árangur náist.

Bæjarstjóri verði falið að leita tilboða frá fyrirtækjum sem sérhæfa sig í slíkri þjónustu og mætti horfa til Borgarbyggðar og verkefnisins Brúin til framtíðar.